

BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um greiðslur til verktaka og fjölda þeirra hjá sviðum borgarinnar og ráðhúsi - R21020055

Reykjavíkurborg hefur farið leið ríkissins að segja upp starfsfólki og ráða í stað verktaka. Um er að ræða nokkurn blekkingarleik því launakostnaðurinn virðist lækka eða standa í stað á meðan verktakagreiðslur eru færðar á rekstur. Þessi aðferð er sérstaklega áberandi á þjónustu- og nýsköpunarsviði. Á þessum grunni eru þessar fyrirspurnir lagðar fram: 1. Hvað eru margir verktakar á fjármála- og áhættustýringarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 2. Hvað eru margir verktakar á íþrótt- og tómsundasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 3. Hvað eru margir verktakar á mannauðs- og ferðamálasviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? Hvað eru margir verktakar á skóla- og frístundarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 4. Hvað eru margir verktakar á umhverfis- og skipulagssviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 5. Hvað eru margir verktakar á velferðarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 6. Hvað eru margir verktakar á þjónustu- og nýsköpunarsviði og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020? 7. Hvað eru margir verktakar á skrifstofu ráðhússins og hvað voru greiðslurnar til þeirra tæmandi talið árið 2020?